

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017,
lystigarðurinn Fossflöt, kaffihús.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 16. janúar 2014 breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017, sem samþykkt var í sveitarstjórn Hveragerðisbæjar þann 12. desember 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 21. desember 2013.

Um er að ræða textabreytingu í kafla 4.11 í greinargerð aðalskipulagsins vegna breyttra ákvæða um opið svæði til sérstakra nota, O7 Fossflöt, en heimilt verður að reisa allt að 80 fermetra veitinga- og þjónustuhús í lystigarðinum. Engin breyting verður á skipulagsupprætti.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 16. janúar 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2014